Lyfjamál 106


Frumlyf og eftirlíkingalyf (generica)

Eggert Sigfússon


FRÓÐLEGT ER AÐ SKOÐA hvernig þróunin hefur verið í samsetningu lyfjasölu undanfarin ár hvað varðar frumlyf og eftirlíkingalyf. Á meðfylgjandi myndum er samantekt á þessu síðustu 13 ár. Heildarsölunni er skipt í þrjá flokka:

1. frumlyf sem ekki eru í samkeppni við eftirlíkingalyf,
2. frumlyf sem eiga í einhverri samkeppni við eftirlíkingalyf,
3. frumlyf sem enga samkeppni hafa fengið.

Línurnar fylgjast nokkuð stöðugt að, bæði hvað varðar magn og kostnað. Greinilegt er þó á síðustu þremur árum að kostnaður vegna frumlyfja án eftirlíkinga vex mun hraðar en kostnaður við hina flokkana.



Mynd 1. Frumlyf og eftirlíkingalyf, dagskammtar á 1000 íbúa 1989-2001.



Mynd 2. Frumlyf og eftirlíkingalyf, kostnaður 1989-2001.

Höfundur er deildarstjóri í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.